

G J A L D S K R Á

131
10. nóv.

um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupþúnunum Blönduósi, Dalvík, Hellissandi, Hólmavík, Ólafsvík, Höfðakaupstað, Hvammstanga, Grafarnesi og Höfnum á Reykjanesi.

I. Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir á orkuveitusvæðum kaupþúnanna Blönduóss, Dalvíkur, Hellissands, Hólmavíkur, Ólafsvíkur, Höfðakaupstaðar, Grafarness, Hvammstanga og Hafna á Reykjanesi. Orkuveitusvæði hvers þessara kaupþúna er það svæði, sem staðfestur skipulagsuppráttur kaupþúnsins nær yfir á hverjum tíma.

II. Heimtaugagjald.

Af hverri húsveitu á orkuveitusvæðinu, sem tengd er við héraðsrafmagnsveitu ríkisins, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við váttryggingarupphæð húsa og mannvirkja á þann hátt, er hér segir:

Grunngjald	
af loftlínuheimtaug	1000 kr.
af jarðlínuheimtaug	1500 —
og auk þess	
1.2% af váttryggingarupphæð upp að	500 000 kr. og
0.6% af váttryggingarupphæð umfram	500 000 —

Ef váttryggingarupphæð er augsýnilega of lág eða hús ómetin, getur rafmagnsveitustjóri innheimt heimtaugargjald til bráðabirgða samkvæmt áætluðu mati.

Fyrir ofangreint gjald fæst ein heimtaug, en óski húseigandi fleiri heimtauga, greiðist allur kostnaður af þeim, sem umfram eru, samkvæmt reikningi. Ef lengd jarðlínuheimtaugar er meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Rafmagnsveitustjóri ákveður, hvort lögð er loftlínu- eða jarðlínuheimtaug, og sé loftlínuheimtaug breytt í jarðlínu samkvæmt ákvörðun hans, skal húseigandi greiða mismun grunngjalds, 500 kr.

Nú hefur rafmagnsveitustjóri ákveðið loftlínuheimtaug, en húseigandi óskar eftir jarðlínuheimtaug, og er þá heimilt að verða við þeirri beiðni gegn því, að húseigandi greiði fyrir jarðlínuheimtaugina samkvæmt reikningi héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Heimtaugargjald skal greitt að hálfu áður en lagning heimtaugar er hafin og að fullu áður en straumi er hleypt á heimtaugina.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 15 2. febr. 1955, um heimtaugargjöld til rafmagnsveitna ríkisins í kaupþúnunum Blönduósi, Dalvík, Hellissandi, Hólmavík og Ólafsvík.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. nóvember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Forv. K. Þorsteinsson.